



Fréttatilkynning

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar og stofnana hans árið 2007.

Kennitölur:	A-hluti	B-hluti	Samantekið
	2007	2007	2007
Í hlutfalli við rekstrartekjur			
Skatttekjur	57,60%		43,47%
Laun og launatengd gjöld	53,14%	33,83%	48,40%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	13,73%		10,36%
Annar rekstrarkostnaður	22,43%	30,35%	24,37%
Rekstrargjöld	99,07%	65,26%	90,77%
Fjármagnsliðir, nettó	-4,58%	-20,62%	-8,52%
Rekstrarniðurstaða	137,07%	-5,90%	102,00%
Heildarskuldir, án skuldb. utan efnahags	161,77%	297,48%	164,35%
Í þúsundum króna á íbúa			
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	430	0	430
Aðrar tekjur	115	177	292
Tekjur samtals	545	177	723
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir	572	188	760
Rekstrarniðurstaða	748	-10	737
	2007	2007	2007
Skuldir	419	479	677
Skuldbindingar	463	48	511
Skuldir og skuldbindingar	882	527	1188
Aðrar lykiltölur			
	2007	2007	2007
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	8,59	0,19	6,31
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	46,87%	-9,14%	38,20%
Íbúafjöldi			
Í ársbyrjun			4.075
Breyting á árinu			-35
Í árslok			4.040

Fyrri umræða um ársreikning Vestmannaeyjabæjar og stofnana hans vegna ársins 2007 var 2. maí og sú síðari 9. maí 2007. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, með síðari breytingum, skal ársreikningurinn afgreiddur við tvær umræður í bæjarstjórn og skal fullnaðarafgreiðslu vera lokið fyrir 1. júní ár hvert.

Löggiltir endurskoðendur Vestmannaeyjabæjar og skoðunarmenn hafa áritað reikninginn án fyrirvara og skýrsla skoðunarmanna liggur fyrir.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglugerð nr. 944/2000 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga.

Samstæða:

Sýnir allar rekstrareiningar Vestmannaeyjabæjar en þær flokkast í A-hluta og B-hluta.

A-hluti:

Sýnir Aðalsjóð, Eignarsjóð, Þjónustumiðstöð, Grjótnám og Malbikunarstöð.

Þessar rekstrareiningar eru fjármagnaðar að öllu eða mestu leyti með skatttekjum.

B-hluti:

Sýnir Fráveitu, Hafnarsjóð, Félagslegar íbúðir, Sorpeyðingarstöð, Náttúrustofu Suðurlands og Dvalarheimilið Hraunbúðir.

Þessar rekstrareiningar eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og eru fjármagnaðar að mestu leyti með þjónustutekjum.

Samstæða: Rekstur:

Helstu niðurstöður úr rekstrarreikningi samstæðu árið 2007 eru sem hér segir í þús. kr.:

	2007	2006
Rekstrartekjur	2.919.465	2.694.180
Rekstrargjöld án afskrifta	2.650.132	2.559.407
Afskriftir	-169.794	-177.950
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm. liði	99.538	-43.177
Fjárm. liðir (+ tekjur/ - gjöld)	-248.674	-262.149
Óvenjulegar tekjur	3.126.885	0
Rekstrarniðurstaða	2.977.749	-305.325

Rekstrarskilyrði Vestmannaeyjabæjar styrkjast verulega á árinu 2007 miðað við árið áður. Aðal skýring á því er að Vestmannaeyjabær seldi hlutabréf sín í Hitaveitu Suðurnesja á árinu og urðu til óvenjulegar tekjur að upphæð kr. 3.127 m. kr.. En einnig er nokkur bati af hefðbundnum rekstri sem nemur um 143 m. kr. fyrir fjármagnsliði. Skýrist þetta einkum af auknum tekjum af útsvari og frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt eru að koma fram áhrif af stefnu bæjarstjórnar um að draga markvisst úr útgjöldum og jukust útgjöld á árinu 2007 minna en sem nemur verðlagshækkunum milli ára. Sífelld er leitað leiða til hagræðingar á lánnum og þar með til lækkunar á vaxtakostnaði. En með söluandvirði hlutabréfanna í Hitaveitu Suðurnesja voru m.a. óhagstæð lán greidd niður og skapast hefur svigrúm til verulegar vaxtatekna.

Rekstur ársins 2007 einkennist af nokkurri tekjuaukningu og aðhaldi í rekstrarkostnaði. Í A-hluta aukast skatttekjur um 83 m. kr. milli ára, framlag Jöfnunarsjóðs um 93 m. kr. og aðrar tekjur um 23 m. kr. Tekjur B-hluta aukast um 36 m. kr. milli ára.

Rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði aukast um 205 m. kr. milli ára í A-hluta og munar þar mest um breytingu lífeyrisskuldbindinga sem aukast um 167 m. kr. Rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði minnka um 103 m. kr. í B-hluta. Þannig aukast heildar tekjur Samstæðu um 236 m. kr. á meðan gjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði aukast um 101 m. kr.

Fjármagnsliðir eru neikvæðir sem nemur 249 m. kr. og er hallinn af reglulegri starfsemi um 149 m. kr. á móti halla uppá 305 m. kr. árið 2006 .

Laun vega þyngst í rekstri bæjarfélagsins og eru rúm 53% (57% árið 2006) í hlutfalli af rekstrartekjum hjá Aðalsjóði og eru rúm 48% (53% árið 2006) hjá Samstæðu. Þetta er nokkur lækkun milli ára en stefnt er að því að koma þessu hlutfalli enn neðar.

Rekstur málaflokka í A-hluta stóðst vel miðað við fjárhagsáætlun. Tekjur urðu 243 m. kr. yfir áætlun og útgjöld, án lífeyrisskuldbindinga, afskrifta og fjármagnsliða, urðu 89 m. kr. undir áætlun.

Í B-hlutanum urðu tekjur 132 m. kr. umfram áætlun en almenn rekstrargjöld 5 m. kr. undir áætlun. Í heild varð rekstur Samstæðu 27 m. kr. undir áætlun sem skýrist að mestu leyti af reiknuðum liðum, s.s. breytingu lífeyrisskuldbindinga, afskriftum og verðbótum.

Samstæða: Efnahagur:

Helstu niðurstöður úr efnahagsreikningi Samstæðu árið 2007 eru sem hér segir í þús. kr.:

Eignir	2007	2006
Fastafjármunir	3.554.041	3.602.693
Veltufjármunir	4.210.571	341.796
Eignir alls	7.764.612	3.944.489

Eigið fé og skuldir	2007	2006
Eigið fé	2.966.465	-657.406
Skuldbindingar	2.065.016	1.806.808
Langtímaskuldir	2.066.075	2.352.061
Skammtímaskuldir	667.055	443.026
Eigið fé og skuldir samtals	7.764.612	3.944.489

Samanburður við efnahagsreikning 2006 sýnir lækkun fastafjármuna sem nemur 49 m. kr., verulega aukningu veltufjármuna sem nemur 3.869 m. kr. , eigið fé eykst um 2.309 m. kr. og skuldir og skuldbindingar aukast um 196 m. kr.

Samstæða: Sjóðstreymi:

Sjóðstreymi sýnir að veltufé frá rekstri var jákvætt sem nam 376 m. kr. á móti jákvæðu veltufé sem nam 187 m. kr. árið 2006. Handbært fé frá rekstri var jákvætt sem nam 671 m. kr. á móti jákvæðri stöðu sem nam 193 m. kr. árið 2006.

Nýjar fjárfestingar voru óverulegar hjá A-hluta en 63 m. kr. hjá B-hluta. Sala á hlutabréfum í Hitaveitu Suðurnesja fyrir 3.641 m. kr. var stærsti liðurinn í fjárfestingahreyfingum. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar nettó um 342 m. kr. og handbært fé í lok árs var 3.962 m. kr. á móti 120 m. kr. árið 2006.

Í skýringum með ársreikningi eru almennar upplýsingar um reikningsskilin og nánari sundurliðanir varðandi einstaka rekstrarliði, efnahagsliði og annað sem máli skiptir.

Ársreikninginn í heild sinni má fá á bæjarskrifstofum Vestmannaeyjabæjar, Ráðhúsinu, s. 488-2000. Nánari upplýsingar veita Elliði Vignisson bæjarstjóri og Páll Einarsson fjármálastjóri.